



Forsætisráðuneytið

Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg

101 Reykjavík

Mál: Umsögn Verkfræðingafélags Íslands um tillögu verkefnishóps um breytingar á lagaumhverfi Vísinda- og tækniráðs, mál nr. 145/2020.

Eins og fram kemur í kynningu í Samráðsgáttinni var markmiðið með lögum um Vísinda- og tækniráð, nr. 2/2003 og tengdra laga nr. 3/2003 og nr. 75/2007 (áður lög nr. 4/2003) að færa umfjöllun um málefni vísinda og tækni á efsta stig stjórnsýslunnar og auka heildarsýn yfir málaflokkinn og samræmingu milli ráðuneyta. Auk þess var markmiðið að stefnumótun í málaflokknum yrði markvissari. Einnig kemur fram að áður hafi ekki farið fram heildarendurskoðun á lögnum. Forsætisráðherra skipaði síðla árs 2018 verkefnishóp til að endurskoða lagaumhverfi Vísinda- og tækniráðs og eru tillögur hans hér til umfjöllunar. Hópurinn leitaði víða fanga og sérstaklega skoðaði hann skipulag í málefnum vísinda, nýsköpunar og tækni í öðrum ríkjum. Núverandi stöðu á Íslandi er einnig gerð góð skil í skýrslu hópsins. Vert er að taka fram að í október 2019 kynnti nýsköpunarráðherra *Nýsköpunarstefnu fyrir Ísland* sem markar sýn til ársins 2030. Þar eru tillögur um breytingar á lögum um Vísinda- og tækniráð nr. 2/2003. Segja má að munurinn á tillögum verkefnishópsins og stýrihópsins, sem mótaði Nýsköpunarstefnuna, felist í grófum dráttum í því að stýrihópurinn leggi meiri áherslu á tengingu við atvinnulífið. Stjórn Verkfræðingafélagsins tekur undir þau sjónarmið og telur tengingu við atvinnulífið vera eitt af lykilatriðum í árangursríku starfi Vísinda- og tækniráðs.

Margt gott er að finna í tillögum verkefnishópsins og stjórn Verkfræðingafélags Íslands tekur undir að þörf sé á heildarendurskoðun laga um Vísinda- og tækniráð nr. 2/2003.

Jafnframt leggur stjórnin til að tillögur sem er að finna í Nýsköpunarstefnunni verði raungerðar í áformaðri endurskoðun laganna.

Það er til mikilla bóta að sett verði á laggirnar sérstök skrifstofa Vísinda- og nýsköpunarráðs sem veiti ráðinu og ráðherranefnd um vísindi og nýsköpun þjónustu við greiningar- og textavinnu.

Eins og fram kemur í ágætu ávarpi forsætisráðherra í nýútkominni Vísinda- og tæknistefnu 2020-2022 þarf vistkerfi nýsköpunar og rannsókna að fá að dafna. Það er ein af forsendum þess að hér ríki velsæld um ókomin ár. Því er mikilvægt að lagaumhverfið endurspegli þá stefnu sem mörkuð hefur verið.

Reykjavík, 4. september 2020.

Stjórn Verkfræðingafélags Íslands.